80 19. júní 2. Frú Álfheiður Blöndal, ekkja Kristjáns Blöndals póstafgreiðslumanns ........................... kr. 469,01

——————— kr. 1422,17

7. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 19. gr. er veitt:

1. Aðgerð á húsinu Bankastræti 2 ........................... — 1500,00

8. gr.

Til viðbótar við gjöldin í 20. gr. er veitt:

1. Reykjahælið: Byggingar og viðbætur .......... kr. 32137,44
2. Útvarpið: Stofnkostnaður ...................... — 9795,31

——————— kr. 41932,75

Samtals kr. 74987,44

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*

81 19. júní

# LÖG

## um framlenging á gildi laga um verðtoll.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Lög nr. 47 15. júní 1926, um verðtoll á nokkrum vörum, svo og lög nr. 5 3. apríl 1928, um breyting á þeim lögum, skulu gilda til ársloka 1934.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amalíuborg, 19. júní 1933.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**
(L. S.)

*Ásgeir Ásgeirsson.*